Tengsl við daglegt líf og önnur svið: Áætli hvað vörur kosta, reikni út (t.d. með aðstoð vasareiknis), borgi og meti hvort rétt er gefið til baka, t.d. í búðarleik þar sem nemendur útbúa sjálfir gjaldmiðil og ákveða vöruverð. Þjálfist í að lesa á tölvuklukku og klukku með skífu og beri saman þær upplýsingar eru heppilegar til að mæla tiltekna hluti, mæli, skrái og meti hvort niðurstöðður mæling eru réttar.

Tölur: Vinni með sætisgildiskubba til að efla skilning á tugakerfinu.

Reikniaðgerðir, reiknikunnátta og mat: Þjálfist í að nota mismunandi hjálpargögn við lausnir verkefna, s.s. kubba, talnagrindur, skýringarmyndir, vasareikna, talnatákn og aðgerðarmerki. Skoði talnamynstur í margföldunartöflum og beri saman mynstur í mismunandi töflum. Kynnist mismunandi reikniaðferðum sem nota má við útreikninga með tveggja og þriggja stafa tölum. Nota talnalínu til að skoða andhverfar aðgerðir; hvað gerist ef tala er fyrst lögð við og síðan dregin aftur frá? Þjálfist í finna ólíkar leiðir við lausn verkefna og bera saman mismunandi leiðir að sömu lausn. Þjálfist í að nota þekkinu á tugakerfinu við hugarreikning. Noti reiknivélar við útreikninga sem tengjast heimilstörfum, t.d. að áætla hvað þarf að kaupa af mat og drykk fyrir afmælisveislu, áætla hvað það kostar og reikna síðan nákvæmar í reiknivél.

Hlutföll og prósentur: Stækki flatarmyndir, t.d. á pinnabretti.

Mynstur og algebra: Skoði regluleika í mynstri og búi til mynstur úfært á ólíka vegu, t.d. raði hlutum, teikni, saumi út o.s.frv. Skýri fjölskyldutengsl, t.d. með því að teikna ættartré.

Rúmfræði: Búi til þrívíða hluti, ræði um heiti hlutanna, horn, brúnir og hliðarfleti og eiginleika þeirra, t.d. holur, gegnheill, sívalur, kúlulaga, kúptur, íhvolfur.

Tölfræði og líkindarfræði: Geri rannsóknir á umhverfi sínu, telji, flokki, skrái og lesi úr niðurstöðum og setji upp í myndrit.

3.3. Heimilisfræði

Námsgögn:

Námsefni ætlað 4. bekk (bláu blöðin)

Ítarefni:

Ýmsar uppskriftir

Viðfangsefni:

Næring og hollusta

- læri að morgunverður er undirstaða vellíðunar og heilbrigðis
- öðlist þekkingu á því hvers vegna sumar fæðutegundir eru hollar og aðrar óhollar
- geti gert greinarmun á hollum og óhollum drykkjarvörum

Matreiðsla og vinnubrögð

- þekki algeng eldhúsáhöld og viti hvers vegna þau eru notuð
- geti mælt í heilum og hálfum dl og notað allar mæliskeiðarnar
- fái þjálfun í að flýsja og rífa niður grænmeti
- fái þjálfun í að fara eftir einföldum uppsk. og fyrirmælum
- geti gengið frá eftir sig á sínum vinnustað
- geta unnið í samvinnu við aðra

Matvælafræði

- þekki fæðuflokkana og vinni sérstaklega með kornflokk
- þekki algengar korntegundir (morgunkorn) og brauðtegundi

Hreinlæti

- læri um mikilvægi hreinlætis við matreiðslustörf
- þjálfist í að þvo upp í höndum samkvæmt hreinlætiskröfum

Neytendafræði og umhverfisvernd

- sjá 2.bekk

Aðrir þættir

- kynnist því hvaða störfum þarf að sinna á heimilum og hver ber ábyrgð á þeim
- temji sér að sýna kurteisi

3.4. Íþróttir

Skynbroski Hreyfibroski

Nemandi:

- þjálfist í æfingum með stór og smá áhöld þar sem mismunandi hreyfingar eru tengdar saman, s.s.
- jafnvægisgöngu á bita, snúningum og jafnvægisstöðu, að hoppa af bretti upp á kubb og niður á dýnu, hliðarstökki yfir kistu eða bekk, að sippa á mismunandi hátt
- þjálfist áfram í að tengja ýmsar grunnhreyfingar saman, s.s. að
- sveifla sér í hringjum eða köðlum, velta sér kollhnís áfram, hoppa upp og velta sér aftur á bak, hoppa á fjölbreyttan hátt yfir hindranir, rekja bolta á hlaupum og kasta
- þjálfist í æfingum með ýmis áhöld, s.s.
- hjólabretti, mismunandi stærðir bolta, teppabúta
- taki þátt í ýmsum leikjum sem veita útrás fyrir hreyfiþörf og efla samspil skynjunar, s.s.
- fjölbreyttum boltaleikjum, samvinnu- og hittnileikjum, feluleikjum og ratleikjum utanhúss
- þjálfist í einföldum leikjum og leikrænum æfingum íþróttagreina

Líkamsbroski Fagurbroski

Nemandi:

- taki þátt í ýmsum leikjum sem efla líkamspól, s.s.
- eltingaleikjum innan- sem utanhúss, ratleikjum, boltaleikjum sem tengja má við leikæfingar íþróttagreina
- taki þátt í ýmsum leikjum sem efla hraða og viðbragð, s.s.
- eltingaleikjum, staðarleitarleikjum, feluleikjum, boltaleikjum
- taki þátt í ýmsum leikjum sem efla kraft, s.s.
- reiptogi, hana slag, glímuleikjum
- þjálfist í leikrænum æfingum sem efla líkamspól, s.s.
- boðhlaupi, stöðugu hlaupi á rólegum hraða í um 6-8 mínútur
- þjálfist í leikrænum æfingum sem efla kraft, s.s.
- styrkjandi og mótandi æfingum, uppstökki án atrennu, armtogi á bita eða slá
- þjálfist í leikrænum æfingum sem efla hraða
- taki þátt í ratleikjum og gönguferðum sem tengjast öðrum námsgreinum
- nái tókum á venjulegri dansstöðu
- taki þátt í dans- og söngvaleikjum

Félagsþroski Tilfinningaþroski Siðgæðisþroski

Nemandi:

- taki þátt í leikjum eða æfingum sem leysa úr læðingi mismunandi tilfinningar, s.s.
- gleði, eftirvæntingu, ótta
- læri að fylgja reglum leikja
- læri að taka sigri og ósigri
- kynnist viðbrögðum líkamans við áreitum eins og snertingu og hnjaski
- taki þátt í umræðu um ýmis samskiptaform, s.s.
- jákvæð samskiptaform eins og hvatningu og hrós, neikvæð samskiptaform eins og stríðni og einelti
- tileinki sér markvissa öndun við slökun
- taki þátt í æfingum og leikjum sem veita áreiti eins og snertingu og hnjask

Vitsmunþroski

Nemandi:

- taki þátt í umræðu um markmið æfinga og leikja sem teknir eru fyrir í kennslunni
- læri að taka fram og ganga frá áhöldum á réttan og öruggan hátt
- þjálfist í leikrænum æfingum þar sem notuð eru helstu líkamsheiti
- þjálfist í æfingum og leikjum þar sem reynir á skilning á andstæðum hugtökum eins og
- hratt - hægt, sterkur - veikur, stór - lítill, hátt - lágt
- taki þátt í umræðu um hlutverk
- beinagrindar, vöðva, húðar, hjarta, lungna
- læri að bregðast fljótt við fyrirmælum og tileinki sér réttar reglur í leikjum
- fræðist um viðbrögð við minniháttar meiðslum
- fræðist um mikilvægi þess að beita líkamanum rétt og stunda hléæfingar við

Sund:

Í 1.-2. bekk er lögð megináhersla á aðlögun barnsins að vatninu í leik og með æfingum í leik. Mikilvægt er að nemendur fái jákvæða upplifun í kennslustundum og njóti þess að sækja sundtíma. Í 3.-4. bekk skal stefnt að áframhaldandi uppbyggingu sundnáms frá fyrstu tveimur skólaárum en auka áherslu á grunnhreyfingar sundtaka í bringusundi og skriðsundi. Í 1. - 4. bekk verður sund kennt einu sinni í viku allan veturinn.

3.5. Myndmennt

Námsefni:

matreitt af kennara eftir þörfum

Viðfangsefni:

Lítafræði, formfræði, myndbygging, vinnulag, listasaga, fagurfræði og gagnrýni.

Markmið:

Nemandi vinni með litatónablöndur og geri sér grein fyrir áhrifum lita, kynnist fjölbreyttum vinnubrögðum, þekki grunnformin og geti nýtt þau í myndgerð, þekki einfalda myndbyggingu, kynnist ólíkri túlkun listamanna og viti að ýmsir þættir í menningu þjóða hafi áhrif á þá og geti lýst munnlega áhrifum verks á eigin forsendum.

Námsmat:

Símat og yfirlitsmat í lok hvernar annar.

3.6. Textílmenn

Námsgögn

Hvernig á að sauma á saumavél.

Hannyrðir í 4.-7.bekk.

Á þrjónunum eftir Unni Breiðfjörð.

Föt á börn eftir Sigrúnu Guðmundsd.

Þrjónablöð, sniðblöð, ýmsar handbækur og ljósrit.

Námsmat

Símat í kennslustundum, þar sem vinnubrögð, iðjusemi, hegðun og fleira er lagt til grundvallar. Nemendur í 1.- 4. bekk fá einkunnir í umsögnum. Stefnt að stöðluðum prófum, skriflegum og verklegum í lok 4.bekk.

Viðfangsefni 1. – 4. bekk:

Þjálfá fínhyfingar, nemendur læri að þræða nálar, sauma tölur, einföld þræði og útsaumsspor. Einfald þrykk – kartöfluprykk. Þrjón – nemendur læri að fitja upp, þrjóna og fella.

Vélsaumur – nemendur sauma einföld stykki með beinsaum og víglsaum.

Markmið:

Lögmál og aðferðir:

- Teikni eftir fyrirætlum og búi til einfalt snið.
- Fá innsýn í efni og áhöld sem notuð eru við einfalda sníðavinnu.
- Vinni með tvöfalt efni, klippi og saumi saman.
- Noti útsaum til skreytingar.
- Fari yfir helstu hluta saumavélar.
- Saumi einfaldar línur á saumavél.
- Vinni eftir leiðbeiningum frá kennara.
- Tileinki sér nokkur hugtök textílgreinarinnar.

Fagurfræði og rýni:

- Tjá sig um litaval.
- Skoði eigin verk og annarra og ræði um þau út frá fagurfræði.

3.7. Náttúrufræði

Námsgögn:

Handbækur- Loft, Segull, Ljós, Rafmagn og Hljóð. Umhverfið. Tré verður að plöntu. Óskabókin- Tré.

Viðfangsefni:

Úr eðlisvísindum: Geri athuganir á því hvað gerist þegar ýmis efni eru leyst upp í vatni.

Úr jarðvísindum: Þekki að það tekur langan tíma fyrir sólarljósið að berast til jarðarinnar og að sá tími er mældur í ljósárum.

Úr lífvísindum: Átti sig á hvað það er sem einkennir lifandi verur og greinir þær frá lífvana hlutum, s.s. hreyfing, næringarnám, vöxtur og æxlun. Þekki og geti nafngreint íslensk spendýr á landi, helstu fugla í heimabyggð og algeng smádýr.

Námsmat:

Umsögn.

3.8. Samfélagsfræði

Námsgögn:

Ísland áður fyrr- 1.-4. hefti- Fjölskyldan, Heimili, Störfin og Menntun áður fyrr.

Mjólkin okkar (vekefni).

Ísland landið okkar (verkefnabók).

Kostuleg kort og gröf.

Sorpið okkar.

Ítarefni:

Komdu í leit um bæ og sveit.

Viðfangsefni:

Sjálfsmynd og félagslegt umhverfi: Fá innsýn í fjölskyldulíf fyrir 1-2 mannsöldrum, t.d. með viðtölum við eldra fólk í eigin fjölskyldu, gömlum ljósmyndum, kvikmyndum og eða öðrum heimildum. Geri sér ljóst að sérhvert mannlegt samfélag setur sér lög og reglur, að til eru landslög og alþjóðareglur.

Land og þjóð: Verði kunnugur nokkrum persónum í Íslandssögunni, t.d. Ingólfi Arnarssyni, Auði djúpúðgu, Snorra Sturlusyni og Jóni Sigurðssyni. Átti sig á tengslum framleiðslu og þjónustu með því að kynnast framleiðsluferli vöru frá framleiðanda til neytanda, t.d. mjólkur. Kynnist atvinnuvegum sem standa á gömlum grunni og kanni hvernig fjölbreytni í atvinnulífi hefur aukist á þessari öld. Þekki nokkrar valdar persónur og atburði í sögu þjóðarinnar, t.d. í heimabyggð. Geti borið saman það er líkt/ólíkt, t.d. í húsakosti, klæðaburði, mataræði, heimilislífi, menntun, leikjum barna, siðum og venjum, nú og á öðru tímasteiði, t.d. á síðustu öld.

Rýni: Reyni kosti samvinnu, að margir afli upplýsinga og mismunandi hæfileikar innan hópsins nýtist við að miðla upplýsingum (einn er góður að semja, annar að skrifa, teikna o.s.frv.)

Innlifun og viðsýni: Fá innsýn í söguna gegnum ljósmyndir, kvikmyndir, tölvuleikir og með heimsókn á mynjasafn.

Námsmat:

Umsögn, próf hjá 4.bekk úr efninu við annaskipti.

3.9. Kristinfræði

Námsgögn:

Stjarnan

Ítarefni:

Sögur og myndir úr Biblíunni bók og mappa með verkefnum

Viðfangsefni:

Fái þjálfun í að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum með því að fást við efni sem tengjast jafnrétti og jafnstöðu og kjarki til að fylgja sannfæringu sinni. Kynnist búddadómi eða hindúasið með frásögnum af jafnöldrum.

3.10. Upplýsingamennt

Námsgögn:

Tölvur

Ritþjálfari

Safnkennsla fyrir 2. – 7. bekk

Í leit á skólasafni 1. – 4.

Viðfangsefni:

Tæknilæsi : Geri greinarmun á kennsluforritum og leikjum. Kunnir að nota ákveðna sérlykla á lyklaborði sem notaðir eru í staðinn fyrir mús, s.s. færsluhapp, örvalykla og lykla til að opna og loka forritum.

Upplýsingalæsi: Geti fundið lykilorð í texta og endursagt aðalatriði.

Menningarlæsi: Þekki mismunandi tegundir bókmennta, s.s. ævintýri, þjóðsögur, ljóð, þulur, myndabækur, skáldsögur og teiknimyndasögur. Hafi kynnst íslenskum og erlendum barnabókahöfundum og verkum þeirra. Þekki helstu söfn í næsta nágrenni við skólann.

3.11. Hönnun og smíði

Markmið

Hönnun og nýsköpunarþáttur

- geti teiknað hlut með því að setja í samhengi við notkun og notagildi
- geti rætt eða lýst munnlega notagildi og virkni hlutar sem verið er að smíða eða hanna

Tæknigrunnur

- geri sér grein fyrir hugtökum sem tengjast orkunotkun eins og hreyfiorku, stöðuorku, varðveislu orku og hvernig rafmagn verður til
- geri sér grein fyrir því hvernig og hvaða orkugjafar knýja mismunandi tæki í nánasta umhverfi nemandans
- geti bent á vélræn fyrirbæri í umhverfi sínu, t.d. heimilistæki, vélar, leikföng
- geri sér grein fyrir sambandi manns og vélar

Handverksáherslur

- geti beitt einföldum handverkfærum
- þekki algeng smíðaefni
- geri sér grein fyrir því hvaða þýðingu sjálfvirkni vélar hefur á öryggisþátt og umgengni við þær

Eðlisþættir

- geti gert grein fyrir því hvernig verk- og tæknimenning birtist í atvinnulífinu
- sýni skilning á góðri samvinnu í smíðastofunni

Viðfangsefni

hafi fengist við smíði á einföldum drifbúnaði sem nýtir sér einhvern aflagjafa, t.d. vindorku, vatnsafl, togkraft, rafafli

Aðallega smáhlutir úr krossvið t.d. fíll veltifuglar, blýantstandur, kaffipokastandur, snati, varðhundur, bátar með drifi, lyklahús, óróar, krani, klifurkarl, hjámiðja og smáhlutir á priki.

Vinnubrögð: Nemendur saga, pússa, líma, teikna og mála.

Verkfæri: Útsögunarsög, raspur, þjöl, sandpappír, þvingur, blýfantur, reglustika og penslar.

Mat.

Símat kennara felur í sér að kennari meti t.d. tvisar á önn, fjóra þætti í verklagi nemanda.

- hugmyndaauðgi og hönnun
- umgengni og hegðun
- verkfærni og vandvirkni
- iðni og afköst

Lokaafurð er metin felur í sér mat kennarans á lokaafurðum nemendans og gildir til lokaekunnar.

3.12. Tónmennt

Söngur er veigamikill þáttur í kennslu þessa hóps, sjálfsagt er að byrja á lögum með fáum tónum og einföldum texta, gott væri að geta tengt hann héraðinu á einhvern hátt. Inn í kennsluna má blanda allskonar hljóðum sem börn kannast við úr sínu umhverfi, s.s.dýrahljóðum, vélagný o.fl..

Með aðstoð einfaldra ásláttarhljóðfæra má kenna börnum að þekkja takt og áherslur í lögum, einnig láta þau klappa púls og hrin.

Hreyfing er mikilvæg fyrir börn og hún er mjög eðlilegur þáttur í þeirra tónlistarupplifun, þarf því að kenna, með hreyfingu, ákveðna frumþætti tónlistar, svo sem púls, áherslur, einfalt form hraðabreytingar og tónhæðarmun. Nemendur noti hugmyndaflugið til að túlka eigin hugmyndir í dansi og hreyfingu.

Nemendur kynnist nótnalestri (do, re, mí,) og einföldum nótnagildum.

Blokkflautu kennsla er einnig mikilvægur þáttur í tónmenntakennslu og er jafnframt góður undirbúningur undir frekara hljóðfæranám.

Hlustun er mikilvægur þáttur ekki síður hjá þeim yngstu og eru þau mjög opin fyrir hverskonar tónlist.

Að læra að þekkja nokkur hljóðfæri, tónblæ þeirra og útlit er einnig mikilvægur þáttur í hlustun.

4. *bekkur*



4. 4. bekkur:

4.1. Íslenska

Námsefni :

Ritrún, Ás-Tvistur, Orðaskyggir 1.,2. og 3. hefti, Málið mitt (aukabók), Skinna-lesbók ½ bókin var tekin, Skinna-verkefnabók, Skrift 4, Skrift frá skólaskrifstofu Hafnarfjarðar : Áfangi 4-heimavinna 1 og vinnuhefti 1, ljóð lesin,lærð og skrifuð.

Viðfangsefni :

Lestur, talað mál og framsögn, hlustun og áhorf, ritun, bókmenntir og málfræði. Ýmsar lestrabækur með vinnubókum.

Markmið :

- að nemandinn auki orðaforða sinn, með málskilning og leskilning með fjölbreyttum verkefnum.
- að nemandinn þjálfist í að tjá sig frammi fyrir bekkjafélögum sínum.
- að nemandinn hlusti á upplestur á sögum og ljóðum, bæði sem kennarinn les og af bandi.
- að nemandinn geti skrifað tengda skrift eftir forskrift.
- Að nemandinn þekki og geti notað hugtök eins og persona, söguhetja, söguþráður, rím og sögulok.
- að nemandinn átti sig á algengustu reglum málfræðinnar.

Námsmat:

Mat á vinnubókum, skil á heimavinnu og próf úr námsefninu.

4. 2. Stærðfræði

Námsgögn:

Stærðfræði 3A, 3B, 4A
Stefnum á deilingu
Vasareiknir 4 og 5
Merkúríus
Vinnuspjöld með stærðfræði 3B, 4A

Ítarefni:

Viltu reyna?
Tölvuforrit
Stærðfræðiverkefni Helgu Sigurjónsdóttur
Kennslupeningar

Viðfangsefni:

Stærðfræði og tungumál: Safni gögnum í tengslum við rannsóknir og kannanir í náttúru- og samfélagsfræði og skrái í töflu og súlurit, t.d.d með aðstoð töflureiknis. Taki þátt í umræðum um stærðfræðileg efni og þjálfist í að spyrja spurninga til að öðlast betri skilning á þeim.

Lausnir verkefna og þrauta: Temji sér að prófa lausnir í samhengi við upphaflegt verkefni. Vinni með tölvuforrit þar sem leysa þarf þrautir.

Rökssamhengi og röksemdafærslur: Fari í leiki og spil sem reyna m.a. á talnavinnu, rúmfræði, rökhusun og hugkvæmni.

Tengsl við daglegt líf og önnur svið: Vinni með tímareikninga, tímaáætlanir og lesi úr einföldum töflum, t.d. áætlanatöflum almenningsfarartækja til að finna út hvenær faratækið er á ákveðnum stöðum og hve langan tíma tekur að fara milli staða. Vinni með staðaleiningar m og cm, l og dl og g og kg.

Tölur: Skrái háar tölur og brot í tengslum við mælingar og útreikninga. Fáist við skiptingu þar sem afgangur verður. Hvaða tala gefur 1 í afgang þegar henni er skipt í 2,3 og 5 hluta.

Reikniaðgerðir, reiknikunnátta og mat: Leysi verkefni úr daglegu umhverfi sínu þar sem þarf að leggja saman, draga frá, margfalda eða deila til að finna lausn.

Hlutföll og prósentur: Skipti ákveðinni lengd í tvo eða fleiri hluta og ræði um hluta af heild og jafnan hlut. Finni 1%, 50% og 100% af stærð eða fjölda sem hann þekkir vel.

Mynstur og algebra: Leysi einföld dæmi þar sem eyður eru notaðar til að tákna óþekkta stærð í jöfnu. Kynnist notkun bókstafa fyrir tölur, t.d. með því að gera töflur yfir n , $n+1$, $n+n$ o.s.frv. fyrir mismunandi gildi á n .

Rúmfræði: Beri saman flatarmál réttthyrninga og margföldun tveggja talna. Fylgi leið á korti eftir leiðbeiningum og leiti að stöðum á landarkorti út frá upplýsingum um staðsetningu.

Tölfræði og líkindarfræði: Geri rannsóknir á umhverfi sínu, telji flokki, skrái og lesi úr niðurstöðum og setji upp í einföld myndrit , taki þátt í umræðum um þær upplýsingar sem myndritin gefa og fáist við útreikninga út frá þeim.

4.3. Heimilisfræði

Námsgögn:

Námsefni ætlað 5.bekk (appelsínugul blöð)

Ítarefni:

Ýmsar uppskriftir

Viðfangsefni

Næring og hollusta

-læri að reglubundar máltíðir eru mikilvægar

-auki þekkingu sína á góðum matarvenjum

Matreiðsla og vinnubrögð

-þjálfist í að nota mælitæki og taka til hráefni í uppskrift

-kunni að velja hentug áhöld

-fái þjálfun í að nota rafmagnstæki undir leiðsögn (vöfflujárn, handþeytara)

-fái þjálfun í að lesa leiðbeininga og fara eftir fyrirmælun

-þjálfist í að vinna sjálfstætt einföld verkefni

-geti lagt snyrtilega á borð

-þjálfist í að flysja með grænmetishníf með rauf og beita stuttblaða hníf (8 cm blað)

Matvælafræði

-rifji upp þekkingu sína á fæðuflokkunum og vinni sérstaklega með grænmetis og ávaxtaflokk

-geti metið útlit og gæði matvæla sem unnið er með (ávextir og grænmeti)

Hreinlæti

-læri hvers vegna hreinlæti er nauðsynlegt

-viti um gagnsemi og skaðsemi örvera

-þjálfist í að halda röð og reglu á sínum vinnustað

Neytendafræði og umhverfisvernd

-geri sér grein fyrir því hvað er mengun og hvað mengar umhverfið

-viti hvers vegna heimilisúrgangur (sorp) er flokkaður og hvað má endurnýta

-hugleiði helstu leiðir til sparnaðar

Aðrir þættir

-læri að samvinna og sameiginleg ábyrgð á heimilum er mikilvæg

-geri sér grein fyrir því hvað eru góðar lífsvenjur

-temji sér að sýna kurteisi við borðhald og þjálfist í að nota hnífapör rétt

-læri um helstu hættur á heimilum og hvernig koma má í veg fyrir óhöpp.

4.4. Íþróttir

Skynþroski Hreyfíþroski

Nemandi:

- þjálfist í grófhreyfingum eins og
- höfuðstöðu upp við vegg, höfuðstöðu á dýnu með aðstoð félaga klifri aftur á bak upp við vegg í handstöðu
- þjálfist í samsettum hreyfingum eins og
- að velta sér kollhnís áfram, teygjuhoppi*, réttstöðu, jafnvægisstöðu á öðrum fæti og bolhalli áfram með arma teygða út og annan fót aftur, til baka í réttstöðu, kollhnís áfram í réttstöðu
- að sippa
- á einfaldan hátt, með ýmsum afbrigðum
- þjálfist í að tengja ýmsar gróf- og fínhreyfingar saman, s.s.
- að iðka tveggja liða boltaleik þar sem fleiri eru í liðinu sem er með boltann, að rekja bolta og vera eltur af félaga sem einnig hefur bolta, að nota ýmis áhöld á fjölbreyttan og skapandi hátt
- taki þátt í og læri nokkra nýja leiki sem veita útrás fyrir hreyfipörf og efla samspil skynjunar
- þjálfist í leikrænum æfingum og leikæfingum helstu íþróttagreina, s.s.
- körfu-, handknattleiks- og knattspyrnuæfingum, badminton- og tennisæfingum

Líkamsþroski Fagurþroski

Nemandi:

- taki þátt í ýmsum leikjum sem efla líkamspól
- taki þátt í ýmsum leikjum sem efla hraða og viðbragð
- eltingaleikjum, liðaleikjum eins og boðhlaupi, nótt og dagur, boltaleikjum eins og höfðingjaleik
- taki þátt í ýmsum leikjum sem efla
- þjálfist í æfingum sem efla líkamspól, s.s. stöðugu hlaupi á rólegum hraða í um 8-10 mínútur
- þjálfist í æfingum sem efla kraft
- þjálfist í æfingum sem efla hraða, s.s.
- stígandi hlaupi, 30 m spretthlaupi
- taki þátt í ratleikjum og gönguferðum sem tengjast öðrum námsgreinum
- nái tókum á danssporunum eins og valhoppi, skiptispori, polkaspori
- taki þátt í dansi og spuna með og án tónlistar

Félagsbroski Tilfinningabroski Siðgæðisbroski

Nemandi:

- taki þátt í leikjum og æfingum eldri kynslóða
- kynnist viðbrögðum sínum við mismunandi áreynslu
- tileinki sér jákvæð samskiptaform eins og hvatningu og hrós
- tileinki sér markvissa öndun við slökun og geti sagt frá upplifun sinni við íhugun
- taki þátt í æfingum og leikjum sem innihalda tjáningu tilfinninga og sköpun

Vitsmunabroski

Nemandi:

- taki þátt í umræðu um gildi hreyfingar fyrir sál og líkama
 - öðlist þekkingu á starfsemi líkamans í tengslum við hreyfingu og ástundun íþróttar
 - fái tækifæri til að búa til leiki eða breyta reglum þekkra leikja
 - læri heiti helstu líkamsæfinga og heiti yfir helstu hreyfingar eins og
 - rétta og beygja, réttstaða, höfuðstaða, handstaða, hliðbeygja, bolvinda, bolbeygja, armbeygja, armrétta
 - tileinki sér réttar reglur í leikjum og geti skorið úr ágreiningi ef upp kemur
 - þjálfist í tölvunotkun í tengslum við líkams- og heilsurækt
 - læri að túlka einfaldar upplýsingar um eigin líkamshreysti eins og
 - þoltölu úr fjölþrepaprófi (MSFT*), kraftniðurstöður úr uppstökksprófi án atrennu, liðleika eftir að hafa teyggt fram á kassa, hraða þar sem hlaupinn er 30 m sprettur
- *Teygjuhopp: Hoppað upp af báðum fótum og armar teygðir upp.
*MSFT: Fjölþrepapróf, "Multistage Fitness Test".

Sund:

Í 1.-2. bekk er lögð megináhersla á aðlögun barnsins að vatninu í leik og með æfingum í leik. Mikilvægt er að nemendur fái jákvæða upplifun í kennslustundum og njóti þess að sækja sundtíma. Í 3.-4. bekk skal stefnt að áframhaldandi uppbyggingu sundnáms frá fyrstu tveimur skólaárum en auka áherslu á grunnhreyfingar sundtaka í bringusundi og skriðsundi. Í 1. - 4. bekk verður sund kennt einu sinni í viku allan veturinn.

Við uppbyggingu og framsetningu námsmats er tekið mið af settum markmiðum aðalnámskrá. Eftirfarandi atriði verða notuð við námsmati í lok 4. bekkjar:

Hreyfifærni og útfærsla metin í eftirfarandi sundaðferðum:

25 m bringusundi, 15 m skólabaksundi, 12 m skriðsundi, með eða án hjálpartækja, 12 m baksundi, með eða án hjálpartækja

Stunga úr kropstöðu af bakka eða stiga

4.5. Myndmennt

Námsefni:

Matreitt af kennara eftir þörfum.

Viðfangsefni:

Litafræði, formfræði, rými, myndbygging, vinnulag, listasaga, fagurfræði og gagnrýni.

Markmið:

Nemandi vinni með litafræði til að ná fram ákveðnum áhrifum í mynd, þekki grunnformin og geti unnið úr þeim tvívíðum yfir í þrívíð, geri formkannanir, þekki hugtakið rými – neikvætt og jákvætt – og vinni með það í myndgerð. Nemandi þekki dæmi úr íslenskri listasögu og einn til tvo íslenska listamenn og geti tjáð sig munnlega og skriflega um áhrif og merkingu mismunandi verka.

Námsmat:

Símat og yfirlitsmat í lok hvernar annar.

4.6. Textílmenn

Námsgögn

Hvernig á að sauma á saumavél.

Hannyrðir í 4.-7.bekk.

Á prjónunum eftir Unni Breiðfjörð.

Föt á börn eftir Sigrúnu Guðmundsd.

Prjónablöð, sniðblöð, ýmsar handbækur og ljósrit.

Námsmat

Símat í kennslustundum , þar sem vinnubrögð, iðjusemi, hegðun og fleira er lagt til grundvallar. Nemendur í 1.- 4. bekk fá einkunnir í umsögnum. Stefnt að stöðluðum prófum, skriflegum og verklegum í lok 4.bekk.

Viðfangsefni 1. – 4. bekkur:

Þjálfá fínhyfingar, nemendur læri að þræða nálar, sauma tölur, einföld þræði og útsaumsspor. Einfald þrykk – kartöfluprykk. Prjón – nemendur læri að fitja upp, prjóna og fella .

Vélsaumur – nemendur sauma einföld stykki með beinsaum og víglsaum.

Markmið:

Lögmál og aðferðir:

- Læri að fitja upp í prjóni.
- Prjóni garðaprjón.
- Læri að fella af í prjóni.
- Læri að sauma saman prjónles og ganga frá endum í prjónlesi.
- Þjálfist í að sauma beina sauma á saumavél.
- Þekki undirtvinna,yfirtvinna,beint spor og sikk-sakk á saumavél.
- Noti útsaum til skreytinga.
- Noti taumálun/þrykk til skreytinga.
- Geti notað hugtök og heiti sem tengjast viðfangsefnum greinarinnar.

Fagurfræði og rýni:

- Geti metið eigin textílverk og rökstutt matið.

4.7. Lífsleikni

Námsgögn:

Samvera; Verum vinir, Verum saman í frímínútum.

Ítarefni:

Samskipti, til hvers eru reglur? Við hjálpum.

Markmið:

Nemandi virði leikreglur í hópleikjum, - þjálfist í að tjá tilfinningar sínar, hugsanir og væntingar á ýmsan hátt, t.d. með orðum eða látbragði, - geti sett sig í spor ólíkra persóna til að finna samkennd með þeim, t.d. hippa, öldungi, barni, nýbúa, ljósmóður, kennara fatlaðs manns og bónda, - kunni umferðarreglur og umferðarmerki fyrir gangandi vegfarendur, - læri að fara eftir leiðbeiningum og afla sér upplýsinga, - geri sér grein fyrir hættum á heimili sínu og í nágrenninu

4.8. Náttúrufræði

Námsgögn:

Náttúran allan ársins hring. Handbækur- Loft, Segull, Ljós, Rafmagn og Hljóð. Umhverfið. Tré verður að plöntu. Óskabókin-Tré.

Viðfangsefni:

Úr eðlisvísindum: Geri tilraunir með hvað verður um efni sem leyst hafa verið upp í vatni, s.s. salt, sykur og kaffi.

Úr jarðvísindum: Þekki muninn á sól og reikistjörnum.

Úr lífvísindum: Geri sér grein fyrir hvaða breytingar í náttúrunni má tengja árstíðaskiptum og hvernig, t.d. snjókomu, vorkomu, vöxt plantna og lauffall.

Mat: Prófað eftir hverja önn.

4.9. Samfélagsfræði

Námsgögn:

Ísland áður fyrr- 1.-4. hefti- Fjölskyldan, Heimili, Störfin og Menntun áður fyrr.

Mjólkin okkar (vekefni).

Ísland landið okkar (verkefnabók).

Kostuleg kort og gröf.

Sorpið okkar.

Ítarefni:

Komdu í leit um bæ og sveit.

Viðfangsefni:

Sjálfsmynd og félagslegt umhverfi: Fá innsýn í fjölskyldulíf fyrir 1-2 mannsöldrum, t.d. með viðtölum við eldra fólk í eigin fjölskyldu, gömlum ljósmyndum, kvikmyndum og eða öðrum heimildum. Geri sér ljóst að sérhvert mannlegt samfélag setur sér lög og reglur, að til eru landslög og alþjóðareglur.

Land og þjóð: Verði kunnugur nokkrum persónum í Íslandssögunni, t.d. Ingólfi Arnarssyni, Auði djúpúðgu, Snorra Sturlusyni og Jóni Sigurðssyni. Átti sig á tengslum framleiðslu og þjónustu með því að kynnast framleiðsluferli vöru frá framleiðanda til neytanda, t.d. mjólkur. Kynnist atvinnuvegum sem standa á gömlum grunni og kanni hvernig fjölbreytni í atvinnulífi hefur aukist á þessari öld. Þekki nokkrar valdar persónur og atburði í sögu þjóðarinnar, t.d. í heimabyggð. Geti borið saman það er líkt/ólíkt, t.d. í húsakosti, klæðaburði, mataræði, heimilislífi, menntun, leikjum barna, siðum og venjum, nú og á öðru tímaskeiði, t.d. á síðustu öld.

Rýni: Reyni kosti samvinnu, að margir afli upplýsinga og mismunandi hæfileikar innan hópsins nýtist við að miðla upplýsingum (einn er góður að semja, annar að skrifa, teikna o.s.frv.)

Innlifun og viðsýni: Fá innsýn í söguna gegnum ljósmyndir, kvikmyndir, tölvuleikir og með heimsókn á mynjasafn.

Námsmat:

Umsögn, próf hjá 4.bekk úr efninu við annaskipti.

4.10. Kristinfræði

Námsgögn:

Birtan

Ítarefni:

Söguaðferðin- Jólaguðspjallið

Sögur og myndir úr Biblífunni, bók og mappa með verkefnum.

Viðfangsefni:

Kynnist frásögum af Móse, dvöl Ísraelsmanna í Egyptalandi og brottförinni þaðan og öðlist skilning á merkingu páskahátíðar Ísraelsþjóðarinnar. Kunni skil á kirkjuárinu, helstu hátíðum og merkinu ólíkra lita í helgihaldinu. Læri að meta það sem vel er gert og öðlist hæfni til að hrósa og uppörva aðra. Kynnist gyðingdómi, m.a. með frásögum úr lífi jafnaldra.

Mat:

Vinnubrögð yfir veturinn eru metinn.

4. 11. Upplýsingamennt

Námsgögn:

Tölvur

Ritþjálfari

Safnkennsla verkefni fyrir 2.-7. bekk

Í leit á skólasafni 1.-4. bekk

Viðfangsefni:

Tæknilæsi: Fáir þjálfun í fingrasetningu á tölvu. Geti hljóðritað efni. Kunni að taka myndir á myndavél og meðferð ljósamynda.

Upplýsingalæsi: Viti að fræðsluefnið á skólasafninu er flokkað eftir ákveðnu kerfi (Dewey). Læri að nota efnisyfirlit og skrár, s.s. atriðisorðaskrá og nafnaskrá í fræðibókum. Geti unnið að verkefnum úr fræðibókum og lesið einföld kort, gröf og töflur.

Menningarlæsi: Noti skólasafnið reglulega.

Mat:

Skrifleg umsögn í lok hvers bekkjar.

4.12. Hönnun og smíði

Markmið

Hönnun og nýsköpunarþáttur

- hafi farið eftir einföldu hönnunarferli sem felur í sér að
- greina þörfina á bak við viðfangsefni
- finna samskráningu viðfangsefnis
- finna mismunandi lausnir og velja þá heppilegustu í samræmi við notagildi hlutarins
- velja heppilegt efni til að vinna hlutinn í út frá notagildi og útliti
- huga að fagurfræðilegu gildi hönnunar, s.s. formi, litum, hlutföllum og stíl (tísku)
- gera sér grein fyrir framleiðsluferli hlutarins
- leggja mat á frumgerðina út frá upphaflegri forskrift, útliti og notagildi
- geti réttvarpað fríhendis

Tæknigrunnur

- viti hvað tölvustýring og sjálfvirkni er

Handverksáherslur

- þekki helstu yfirflokka verkfæra
- sýni ábyrga umgengni og fari eftir almennum reglum í smíðastofunni

Eðlisþættir

- hafi rætt um lífssögu hluta og áhrif þeirra á vistkerfið og daglegt líf

Viðfangsefni

Geti hannað og smíðað hlut út frá gefinni forskrift sem byggist á ákveðinni virkni, lausn, útliti eða þema eins og einfalt þroskaleikfang sem stýrt er með loftþrýstingi, hreyfileikfang (hönnunarverkefni sem byggir á færslu með liðamótum) loftmælir, námsspil, kókbíll, merkjasendir og hringekjan.

Vinnubrögð: Nemendur saga, pússa, líma, teikna, og mála. Einnig tina, glímt við einfaldar vélrænar tæknilausnir

Verkfæri: Útsögunarsög, raspur, þjöl, sandpappír, þvingur, blýfantur, reglustika, penslar, lóðbolti, tifsög, brennipenna, plastbeygjuvél og juðara.

Mat

Símat kennara felur í sér að kennari meti t.d. tvisar á önn, fjóra þætti í verklagi nemanda.

- hugmyndaauðgi og hönnun
- umgengni og hegðun
- verkfærni og vandvirkni
- iðni og afköst

Nemandi meti afurðir sínar og vinnu í samræðum við samnemendur og kennara. Einnig er mögulegt að hann meti verkefni sín skriflega með foreldrum sínum. Æskilegt er að nemandi safni teikningum af hugmyndum sínum og öðrum gögnum í sýnismöppu og verði síðan metin. Kennari metur lokaafurð nemenda.

4.13. Tónmennt

Söngur er veigamikill þáttur í kennslu þessa hóps, sjálfsagt er að byrja á lögum með fáum tónum og einföldum texta, gott væri að geta tengt hann héraðinu á einhvern hátt. Inn í kennsluna má blanda allskonar hljóðum sem börn kannast við úr sínu umhverfi, s.s.dýrahljóðum, vélagný o.fl..

Með aðstoð einfaldra ásláttarhljóðfæra má kenna börnum að þekkja takt og áherslur í lögum, einnig láta þau klappa púls og hrin.

Hreyfing er mikilvæg fyrir börn og hún er mjög eðlilegur þáttur í þeirra tónlistarupplifun, þarf því að kenna, með hreyfingu, ákveðna frumþætti tónlistar, svo sem púls, áherslur, einfalt form hraðabreytingar og tónhæðarmun. Nemendur noti hugmyndaflugið til að túlka eigin hugmyndir í dansi og hreyfingu.

Nemendur kynnist nótnalestri (do, re, mí,) og einföldum nótnagildum.

Blokkflautu kennsla er einnig mikilvægur þáttur í tónmenntakennslu og er jafnframt góður undirbúningur undir frekara hljóðfæranám.

Hlustun er mikilvægur þáttur ekki síður hjá þeim yngstu og eru þau mjög opin fyrir hverskonar tónlist.

Að læra að þekkja nokkur hljóðfæri, tónblæ þeirra og útlit er einnig mikilvægur þáttur í hlustun.